

MÁLEFNASAMNINGUR

um meirihlutasamstarf Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks kjörtímabilið 2018-2022. Samningurinn er grundvallaður á stefnuskrám flokkanna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 2018.

Skóla- og menntamál

- Lokið verði við stefnumótun menntamála hið fyrsta sem tekur m.a. á
 - Sérhæfðum skólaúrræðum fyrir börn með geðrænan- og hegðunarvanda
 - Snemmtæk íhlutun og skimun
 - Aukin sálfræðipjónusta og fræðsla í skólum með sérstaka áherslu á kvíða og þunglyndi skólabarna
 - Efling íslenskukennslu og þjónustu fyrir börn og fjölskyldur af erlendum uppruna
 - Minni miðstýring og aukið sjálfstæði skóla
 - Grunnskólar verði í fremstu röð í snjalltækni
 - Áhersla verði lögð á iðn-, list- og tæknigreinar
- Bæta starfsumhverfi kennara og starfsfólks í leik- og grunnskólum
- Stefnt verði að innritun yngri barna á leikskóla
- Endurnýjun leikskólalóða verði flýtt
- Byggt verði nýtt sérhæft húsnæði yfir Skólahljómsveit Kópavogs
- Lokið verði við byggingu á nýjum Kársnesskóla
- Farið verði í viðræður við Menntamálaráðuneytið um annan framhaldsskóla í Kópavogi

Velferðarmál

- Efling akstursþjónustu fatlaðra
- Aukin liðveisla
- Markviss fjölgun félagslegs húsnæðis og annarra búsetuúrræða
- Efla atvinnuþátttöku fólks með fötlun hjá bæjarfélaginu
- Bæta aðgengi fatlaðra að stofnunum og útivistarsvæðum
- Nýjungar í velferðartækni innleiddar
- Kannaðir möguleikar á opnun lýð- og geðheilsumiðstöðvar
- Færanlegum starfsstöðvum verði fjölgað til að efla starf dagforeldra enn frekar
- Heimastyrkur til foreldra barna á leikskólaaldri

Eldri borgarar

- Hafnar verði framkvæmdir hið fyrsta við byggingu hjúkrunarheimilis við Boðáping
- Fasteignagjöld eldri borgara verði lækkuð í samræmi við reglur um tekjutengingu
- Fjölga dagvistunarrýmum eldri borgara í samvinnu við ríkið
- Aukin heimaþjónusta og meiri sveigjanleiki
- Heilsuefling eldra fólks innleidd m.a. með íþróttastyrk
- Aukin virkni öldungaráðs

Íþróttta og æskulýðsmál

- Frístundastyrkir hækkaðir
- Snjóframleiðsla hafin í Bláfjöllum og endurnýjun búnaðar og aðstöðu
- Keppnisaðstaða handknattleiks í Kórnum verði kláruð
- Endurnýjun á gervigrasaðstöðu verði lokið ásamt upphitun og lýsingu
- Aðstaða frjálsra íþróttta verði fundin varanleg lausn
- Samráðsvettvangur íþróttafélaga í Kópavogi kanni leiðir til að lækka kostnað barna við íþróttaiðkun m.a. með tilliti til æfingabúnaðar og komi að samþættingu íþróttta og dægradvalar
- Veita brautargengi grasrótarstarfi þar sem kostnaði er haldið í lágmarki og iðkendum gert kleift að finna íþrótt við sitt hæfi
- Haldin verði samkeppni um hönnun hverfissundlaugar í Fossvogsdal
- Hefja undirbúning að stækkun og endurbótum á íþróttahúsi við Kársnesskóla
- Metnaðarfull áætlun verði gerð til að halda Landsmót hestamanna 2022 í samvinnu við hestamannafélagið Sprett
- Endurbæta strandblakvöll við Fagralund

Umhverfismál

- Markvissari flokkun og endurvinnsla sorps hjá heimilum og fyrirtækjum
- Bæta aðgang að raforku og vistvænum orkugjöfum
- Að Kópavogsbær stuðli að notkun vistvænna orkugjafa og auki enn frekar eftirfylgni með loftgæðum
- Markviss fegrun umhverfis, sérstaklega verði horft til atvinnuhverfa
- Þjónusta við grenndargerði verði eflað
- Viðhaldsverkefnum á leiksvæðum verði flýtt
- Bættar gönguleiðir við Elliðavatn
- Átak í viðhaldi mannvirkja í eigu bæjarins

Samgöngur

- Bætt aðstaða samgöngumiðmiðstöðvar í Hamraborg
- Kanna verði til hlítar að leggja Reykjanesbrautina í stökk eða göng
- Lokið verði við gerð Arnarsnesvegjar
- Átak í að fjölga og aðskilja göngu- og hjóltreðastíga
- Reiðstígar bættir m.a. með lýsingu
- Fjölgun umferðarstýrðra ljósa
- Hraðamælingarskiltum fjölgað
- Farið verði í tilraunaverkefni með hraðamyndavélar á Kársnesi
- Hafist verði handa við að byggja brú yfir Fossvog fyrir gangandi, hjólandi og almenningssvagna
- Kópavogur mun áfram taka þátt í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um þróun forgangsakreina fyrir almenningssamgöngur.

Skipulagsmál

- Skipulag endurskoðað með það að markmiði að Stúdentaíbúðir rísi á Kársnesi með áherslu á bíllausan lífsstíl
- Ráðist verði í endurskoðun á skipulagi Glæðheimasvæðis
- Leitað verði leiða til að byggja hagkvæmt húsnæði t.d. í samstarfi við húsnæðissamvinnufélög
- Vinna að skipulagi í Vatnsendahvarfi

Rekstur og stjórnsýsla

- Skattar og gjöld verði lækkuð
- Verkefnið „hvert fara peningarnir“ þróað áfram með aukið gagnsæi í huga
- Stuðla að auknu íbúalýðræði m.a. með verkefninu Okkar Kópavogur
- Mörkuð verði ferðamálastefna í Kópavogi
- Endurskoðað verði rekstrarfyrirkomulag félagslega íbúðakerfisins í Kópavogi
- Skuldir bæjarsjóðs verði lækkaðar
- Nýjungar í tæknilausnum verði notaðar til að bæta stjórnsýsluna og aðra þjónustu við Kópavogsbúa

Skemmtilegri bær

- Umhverfi Hamraborgarsvæðisins bætt
- Endurbætt útiaðstaða og leiktæki við Salalaug
- Klifurveggur í sundlaug Kópavogs
- Hundagerði verði fundinn staður
- Hafin verði endurbygging á gamla Kópavogsbænum
- Lokið verði við endurbyggingu og umhverfi „Hressingarhælisins“
- Lestrar- og menningarmiðstöð opnuð í efri byggð
- Fleiri útilistaverk og umhverfislýsing til að fegra Kópavog
- Gosbrunnur við menningartorfuna
- Opnunartími sundlauga lengdur
- Frítt í sund til 18 ára

Kópavogur 11. Júní 2018

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins

Bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins

Gunnar H. Ólafsson
Karen Elísabet Júlíósdottir
Hildis Johnson
Margrét Friðriksdóttir
Gudni S.

Þórir Jón Jónsson